

Ár 1974, föstudaginn 29. mars, var í málínu nr. 51/1973, kveðinn upp af Yfirlasteignamatsnefnd svohljóðandi

ÚRSKURÐUR:

Málavextir eru þeir, að í aðalmati fasteigna var skráð fasteignin nr. 27 við Markarflöt í Garðahreppi. Er þar um að ræð loð, íbúðarhús og bílskúr. Lóðin var metin á kr. 212.000,00, en byggingarnar voru þá ekki metnar, þar sem þeim var þá ekki svo langt komið, að fasteignamat á þeim skyldi fara fram. Upplýst hefir verið, að búið hefir verið í íbúðarhúsinu frá því í nóvember 1971, en frágangi þess mun þó ekki enn að fullu lokið. Þrátt fyrir þetta var umrædd fasteign eigi metin fasteignamati fyrr en 15. nóvember 1973.

Sveitarstjórn Garðahrepps lagði fasteignaskatt á ofangreinda fasteign árin 1972 og 1973. Með bréfi, dags. 17. október 1973, hefir eigandi fasteignarinnar, hr. Sigurður Briem, kært álagningu þessa til Yfirlasteignamatsnefndar. Er kæran á því byggð, að lögum samkvæmt sé álgning fasteignaskatts því aðeins heimil, að fyrir liggi fasteignamat, sem framkvæmt hafi verið á þann hátt, er mælt sé fyrir í lögum og reglugerðum og verið tilkynnt húseiganda.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustaðna sveitarfélaga sbr. 1. gr. reglugerðar um fasteignaskatt nr. 320/1972, skal fasteignaskattur miðaður við fasteignamat. Fasteignamat á ofangreindum mannvirkjum var eigi framkvæmt fyrr en 15. nóvember 1973. Var þá liðinn sá frestur, sem 13. gr. reglugerðar nr. 320/1972 mælir fyrir um. Af þessum sökum var hvorugt árið ( 1972 og 1973 ) fyrir hendi grundvöllur fyrir gjaldskyldu fasteignaskatts, enda hvílir eigi lagaskylda á húseiganda að hafa frumkvæði að því, að fasteignamat fari fram. Kærufrestir skipta hér ekki máli, þar sem gjaldskylda var ekki fyrir hendi greind ár.

Úrskurðarorð:

Óskylt er að svara fasteignaskatti af mannvirkjum á lóðinni nr. 27 við Markarflöt í Garðahreppi árin 1972 og 1973,

Magnús Thoroddsson

Torfi Ásgeirsson

Pálmur Jónsson